

## Rússlands Pútíns

**Bókarhöfundur:** Anna Politkovskaya

**Bókarheiti:** Rússlands Pútíns

**Þýðandi:** Elín Guðmundsdóttir

**Gagnrýnandi:** Pétur Berg Matthíasson, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur

**Útgáfa:** Urður bókafélag, Reykjavík 2009, 272 bls.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** "Fram kemur í lok bókarinnar að Anna hafi illan bifur á Pútín. Það kemur lesandanum í sjálfu sér ekki á óvart enda bókin upptalning á skelfilegum atburðum sem lýsa hvers konar stjórnvöldum hann fer fyrir, fyrir utan það að Pútín gerir lítið sem ekkert til að breyta því til hins betra. Þessi bók er nauðsynleg fyrir alla þá sem vilja skyggast bak við tjöldin og sjá Rússland eins og það er í raun og veru."

## SPILLING OG KÚGUN Í RÚSSLANDI

Rússland Pútíns fjallar ekki með beinum hætti um Vladímír Pútín forsætisráðherra Rússa í dag (forseta Rússlands þegar bókin var skrifuð). Rússland Pútíns er safn af reynslusögum sem Anna Politkovskaya höfundur bókarinnar hefur tekið saman til reyna að lýsa því hvað var að gerast í Rússlandi á valdatíma Pútíns og gerist að öllu líkindum enn þann daginn í dag. Bókin fjallar ef til vill fyrst og fremst um aðgerðir og aðgerðaleyfi stjórnvalda í Rússlandi.

Anna Politkovskaya var fréttaritari sem barðist ötullega fyrir mannréttindum í Rússlandi. Ekki er hægt að neita því að morðið á Önnu rúmum tveimur árum eftir að bókin kom fyrst út hefur áhrif á lestur manns, enda var mikið um það fjallað á sínum tíma. Enn hefur enginn verið sakfelldur fyrir morðið á Önnu. Anna dregur ekkert undan í lýsingum sínum á spillingu, kúgun, morðum, nauðgunum, mannréttindabrotum stjórnvalda, einræðislegum tilburðum og hrottalegum vinnubrögðum leyniþjónustunnar FSB sem vekja mann til umhugsunar um hvort morðið á Önnu eigi sér pólitískar rætur og hvort stjórnvöld hafi verið þar að baki.

Eins og fram hefur komið er Rússland Pútíns samansafn af reynslusögum og atburðum sem Anna hefur ýmist sjálf orðið vitni að eða hún aflað sér upplýsinga um með sínu fréttamannsnefi. Anna fjallar fyrst og fremst um atburði sem eru nýafstaðnir og gerast þeir flestir á árunum 2000-2004, eða á fyrsta kjörtímabili Pútíns sem forseta. Fram kemur í lok bókarinnar að Anna hafi illan bifur á Pútín. Það kemur lesandanum í sjálfu sér ekki á óvart enda bókin upptalning á skelfilegum atburðum sem lýsa hvers konar stjórnvöldum hann fer fyrir, fyrir utan það að Pútín gerir lítið sem ekkert til að breyta því til hins betra. Lesandinn verður hins vegar að treysta því að allt sem fram kemur í bókinni sé satt og rétt. Bókin er mjög einhliða að því leyti til að hún er upptalning á aðgerðaleyfi og aðgerðum þar sem spillingu og kúgun eru við hvert fót mál. Svo virðist sem stjórnvöld í Rússlandi geri aldrei neitt heiðarlegt eða mannúðlegt.

Fjölmíðlaheimurinn í Rússlandi er allt annað en frjálts og virðist oftast en ekki sem fjölmíðlar séu það í höndum stjórnvalda eða annarra einstaklinga sem sölsað hafa undir sig eignir hins opinbera. Fyrir vikið verða sumar lýsingar Önnu þeim mun magnaðri og má teljast afrek að henni hafi tekist að setja saman heildarmynd af ýmsum atburðum vegna þess hversu kerfið virðist gegnsýrt af spillingu. Eftir að hafa lesið bókina mun maður spyrja sig í hvert skipti sem fréttir berast frá Rússlandi, er þetta satt og rétt eða er bara verið að búa til eitthvað, setja á svið, kasta ryki í augun á okkur o.s.frv.

## Morð í rússneska hernum

Sögurnar sem Anna segir eru margar hverjar sláandi og eftir að hafa lesið fyrsta kaflann um rússneska herinn og illa meðferð herforingja á undirmönnum sínum fyllist maður viðbjóði og reiði. Í hinum vestræna heimi er mikil virðing borin fyrir mönnum sem eru tilbúnir til að fórna lífi sínu til að við hin búum við það frelsi og lýðræði sem við viljum. Að lesa um hversu lítils virði mannlíf er í rússneska hernum er hins vegar skugglegt og virðist sem stór hluti ungra hermanna falli fyrir hendi herforingja sem sífellt eru fullir á herstöðvum hér og þar um landið en ekki í bardaga.

## Mannréttindabrot og fleira í Tsjetsjeníu

Anna lagði mikið á sig til að fylgjast með ástandinu í Tsjetsjeníu og mannréttindabrotum sem þar áttu sér stað af hálfu rússneska hersins. Nákvæmar lýsingar af morðum og nauðgunum, hylmingum, lygum og óréttlæti taka engan endi og virðist sem Tsjetsjenía sé villta vestur 21. aldarinnar. Mál Búdanovs

ofursta vekur óhug en Búdanov þessi nauðgaði og myrta á grimmilegan hátt 18 ára tsjetsjenska stúlku, Elzu Kungajevu. Farið er mjög nákvæmlega yfir málaferlin en við upphaf þeirra hófst sá áróður í fjölmiðlum sem oft virðist eiga sér stað við álíka aðstæður. Búdanov er lýst sem fórnarlambi, þjóðernishetju sem „óvart“ hafi í hita leiksins misst stjórn á sjálfum sér, en hins vegar eigi alls ekki að refsast honum fyrir það sem hann hafi gert. Búdanov taldi að þessi stúlka væri leyniskyttu sem drepið hefði marga af hans helstu foringjum. Saga hans af uppljóstrara sem lætur honum í té mynd af Elzu með skotvopni er m.a. ein af mörgum lygum sem hann og stjórnvöld höfðu uppi meðan á réttarhöldunum stóð. Málinu lauk þó á þann veg að Búdanov fékk dóm, sem er einsdæmi að mati Önnu, því aldrei áður hafi herforingi í rússneska hernum verið dæmdur fyrir viðlíka verknað. Það sé þó ekki réttarkerfinu að þakka að Búdanov var dæmdur heldur hafi óvenjumikill alþjóðaþrýstingur verið í þessu máli og fyrir vikið hafi stjórnvöld orðið að gefa eftir og dæma hann sekan, þótt allt hafi verið gert af hálfu þeirra til að sýna fram á geðveiki, streitu eða annað slíkt sem nota mætti til að sýkna hann.

### **Gíslataka og gasáhlaup á leikhús í Moskvu**

Önnur saga sem flestir Íslendingar muna sjálfsgagt eftir er umsátrið við leikhúsið við Dúbrovskajastrætið, en 23. október 2002 réðust fjölmargir hryðjuverkamenn frá Tsjetsjeníu inn í leikhúsið meðan sýning verksins Nord-Ost stóð sem hæst. Áhorfendur og leikendur voru teknir í gíslingu í 57 klukkustundir en þá gerðu stjórnvöld gasáhlaup á leikhúsið og alla sem í því voru eða um 800 manns. Anna lýsir á mjög áhrifaríkan hátt því virðingarleysi, hroka og lygum sem stjórnvöld sýndu afkomendum þeirra sem létust í leikhúsinu en hátt í 200 saklausir borgarar dóu í gasáhlaupinu. Allt virðist leyfilegt í landi Pútíns þegar hryðjuverkamenn eru annars vegar og skiptir þá litlu þó að mörg líf saklausra borgara tynist í aðgerðum stjórnvalda, svo lengi sem hægt sé að ná sér niður á hryðjuverkamönnum.

### **Þjóðernisást á útkjálka veraldar**

Þrátt fyrir margar skelfilegar sögur af starfsmönnum hins opinbera eru til heiðarlegir einstaklingar sem eru trúir hermennskunni og munu gera allt til að verja fósturjörðina. Alexej Dikij yfirmaður á kjarnorkubátinum Viljutsjinsk er einn þessara manna en hann er staðsettur á Kamtsjaka, einum afskekktasta stað Rússlands. Dikij á eiginkonu að nafni Larisa sem er kjarnorkuefnafræðingur, hún er hins vegar atvinnulaus en enga vinnu við hæfi er að finna á þessum slóðum. Þau rétt svo skrimta, hann fær óreglulega útborgað og þau hafa varla í sig og á. Það er ekki annað hægt en að dást að Dikij og fjölskyldu hans við þessar skelfilegu aðstæður sem þau búa við. Á sama tíma renna á mann tvær grímur, þegar maður áttar sig á því að þarna eru hermenn sem stýra einu hættulegasta vopni veraldar sem búa við fátæktarmörk og þurfa að standa í daglegu harki til að lifa af.

### **Rússland bak við tjöldin**

Bókin er að mörgu leyti skrifuð í blaðamannastíl þar sem tilvitnanir úr dómum eða viðtöl við viðmælendur skjóta reglulega upp kollinum. Frásögnin er engan veginn þurr eða langdregin þrátt fyrir mjög ítarlegar lýsingar á köflum. Allir sem lesa þessa bók verða fyrir vonbrigðum með það sem er að gerast í Rússlandi. Ljóst er að Rússland á langt í land að verða lýðræðisríki þar sem mannréttindi eru virt. Þessi bók er nauðsynleg fyrir alla þá sem vilja skyggjast bak við tjöldin og sjá Rússland eins og það er í raun og veru.